



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur


10. jan. 2019 – Pistill nr. 46

Gleðilegt ár kæru Mývetningar nær og fjær. Síðasta ár var viðburðaríkt hér í sveit og áframhaldandi uppbygging er fram undan hjá sveitarfélaginu. Eins og kemur fram neðar í pistlinum á sér stað afar jákvæð mannfjöldapróun í Mývatnssveit og í því felst skemmtileg áskorun fyrir okkur. Meðal annars á að stækka leikskólann í ár ásamt ýmis konar verkefnum sem eiga að stuðla að því að auka hamingju íbúa í sveitarfélaginu!

Ungu fólki á barneignaraldri fjölgar

Þekkingarnet Þingeyinga hefur gefið út skýrslu um mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslu. Þar vekur sérstaka athygli að hlutfallsleg fjölgun er mest í Skútustaðahreppi þar sem íbúum fjölgaði um 16% á milli ára og skýrist það að ungu fólki á barneignaraldri fjölgar. Einnig fjölgar börnum. Kynjahlutfallið er einnig hnífjafnt sem er óvanalegt í dreifðum byggðum. „Þessi þróun verður að teljast afar ánægjuleg og spurning hvort þingeyska loftið sé eitthvað öðruvísi í Mývatnssveit,” eins og segir í skýrslunni.

Íbúum í Skútustaðahreppi fjölgaði um 68 milli ára sem er þó nokkur aukning og hefur þá fjölgað um 122 íbúa á fjórum árum sem verður að teljast afar eftirtektarvert. Kynjasamsetning er mjög jöfn. Meðalaldur lækkar og er nú undir landsmeðaltali. Ef litið er á mannfjöldapýramídan má sjá að þessi aukning er að mestu leyti tilkomin vegna þess að ungu fólki af báðum kynjum fjölgar. Einnig fjölgar börnum. Þarna er því ákveðinn mótstraumur að eiga sér stað og pýramídan ekki lengur „mittismjór“ með skorti á ungu fólki á barnseignaraldri.




Samanburður á mannfjöldapýramíða Skútustaðahrepps 2014 og 2018. Þetta er afar áhugaverð þróun því aukningin er að mestu leyti hjá ungu fólki af báðum kynjum.

Í Reykjahlíð fjölgar íbúum um 42, sem er umtalsverð fjölgun eða 25%. Er það mikil sveifla frá fyrri árum en íbúar voru 185 árið 2009 og fóru niður í 141 árið 2014.

Á heildina litið fjölgar íbúum í Þingeyjarsýslu og hefur gert frá árinu 2014. Þá voru íbúar 4786

eftir nokkra fækkun árin á undan. Hægur viðsnúningur var eftir 2015 og svo stökk milli ára 2017 og 2018. Þar hafa framkvæmdir á Bakka við Húsavík og á Þeistareykjum mikið að segja. Í Skútustaðahreppi hefur íbúum fjölgað mikið bæði í þéttbýli og dreifbýli, sem áætla má að tengist fjölgun ársstarfa í ferðapjónustu. Það verður forvitnilegt að fylgjast með þessari þróun næstu árin, en reynslan annars staðar frá m.a. á Austurlandi hefur sýnt að þar sem svo stórar framkvæmdir eiga sér stað tekur nokkur ár að ná jafnvægi hvað varðar íbúafjölda.



Mynd 41 Mannfjöldi í postnúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir).

Breytingar gerðar á sumarlokun leikskóla og meira svigrúm fyrir aukaleyfi

Á fundi skóla- og félagsmálanefndar 17. okt. 2018 var samþykkt að endurskoða sumarlokun leikskólans Yls en á síðasta ári rann út reynslutími á núverandi fjögurra ára fyrirkomulagi. Nefndin samþykkti að setja á stofn stýrihóp um verkefnið sem í sátu leikskólastjóri, deildarstjóri, fulltrúi starfsfólks, fulltrúi foreldra, formaður skóla- og félagsmálanefndar og sveitarstjóri.

Stýrihópurinn hélt tvo fundi og lagði fram minnisblað fyrir fund skóla- og félagsmálanefndar 19. desember 2018 með eftirfarandi tillögum:

Tillaga stýrihóps:

- Sumarlokun leikskólans fari úr 4 í 5 vikur. Reynt sé að miða við að leikskólinn opni að nýju eftir verslunarmannahelgi.
- Áfram verði boðið upp á að foreldrar/forráðamenn geti tekið aukaleyfi einu sinni yfir almanaksárið án

þess að greiða fyrir, með þeirri breytingu að leyfistíminn sé frá 2 upp í 4 vikur í stað samfelldra fjögurra vikna áður.

- Fyrir þá nemendur sem útskrifast að vori en þurfa á vistun að halda eftir sumarlokun, þarf að sækja sérstaklega um áframhaldandi vistun til leikskólastjóra.

- Þetta fyrirkomulag verði til næstu tveggja ára, 2019 til 2020.

Nefndin lagði til við sveitarstjórn að tillögur stýrihópsins verði samþykktar og að fyrirkomulagið verði endurskoðað eftir sumarlokun 2020.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna á fundi sínum í gær og hún tekur því gildi fyrir þetta almanaksár. Sumarlokun leikskólans Yls næsta sumar verður því frá 1. júlí til 2. ágúst.



Gatnagerð hófst við austari hluta Klappahrauns í síðustu viku. Lítil snjór er í Mývatnssveit þessa dagana.

Gatnagerð fyrir 8 nýjar íbúðir komin í gang

Í síðustu viku hófst gatnagerð við austari hluta Klappahrauns. Verktakinn Húsheild byggir þar 8 íbúðir í tveimur raðhúsum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélagið. Fljótlega stendur til að byggja fjórar íbúðir í viðbót ef eftirspurn er fyrir hendi. Þetta er mjög spennandi uppbygging sem endurspeglar uppganginn í Mývatnssveit undanfarin misseri. Búist er við að fyrstu íbúðirnar verði tilbúnar í sumar. Um að að ræða innflutt hús frá Svíþjóð. Jón Hinriksson verktaki sér um gatnagerðina og jarðvegsvinnu fyrir grunnana.

Undirbúningur á stækkun leikskólans hafinn

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 liggur fyrir fjármögnun á stækkun leikskólans Yls. Fyrir sveitarstjórn voru lagðar fram fyrstu hugmyndir að hönnun viðbyggingar og breytingar á innra skipulagi frá Faglausn. Teikningarnar hafa farið til umsagnar starfsfólks leikskólans og skóla- og félagsmálanefndar. Sveitarstjórn leist vel á þessar fyrstu hugmyndir og samþykkti að vísa þeim til yfirferðar að nýju hjá starfsfólki og skóla- og félagsmálanefnd.

Vegagerðin samþykkir framlag til göngu- og hjólreiðastígs í fyrsta áfanga umhverfis Mývatn

Þann 10. október s.l. sótti sveitarfélagið um styrk í öryggissjóð Vegagerðarinnar fyrir fyrsta áfanga göngu- og hjólreiðastígs umhverfis Mývatn. Á fundi sveitarstjórnar í gærmorgun var lagt fram svarbréf Vegagerðarinnar dags. 6. janúar 2019 þar sem staðfest er að Vegagerðin samþykkir 30 m.kr. framlag á ári næstu þrjú ár fyrir Skútustaðahrepp vegna fyrsta áfanga stígsins milli Reykjahlíðar og Dimmuborga.

Sveitarstjórn fagnaði afgreiðslu og framlagi Vegagerðarinnar og löngu tímabærum aðgerðum til að bæta umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Gert er ráð fyrir móttframlagi sveitarfélagsins í fjárhagsáætlun 2019. Sveitarstjóra var falið að ganga frá skriflegum samningi við Vegagerðina og leggja samninginn til staðfestingar sveitarstjórnar.

Fundað um gestastofur

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað sveitarstjóra í framhaldi af fundi 13. des. s.l. sem hann átti með forstöðumönnum og starfsfólki fjögurra ríkisstofnana sem eru með starfsemi í Mývatnssveit, þ.e. Vatnajökulspjóðgarðs, Landgræðslunnar, Minjastofnunar og Umhverfisstofnunar, um gestastofur, sýningar og/eða aðstöðu í sveitarfélaginu. Í minnisblaðinu kemur fram tillaga um að settur verður stýrihópur á laggirnar með fulltrúum viðkomandi stofnana, ásamt Ramý, til að fylgja málinu eftir. Sveitarstjórn samþykkti að setja stýrihóp á laggirnar um verkefnið og sveitarstjóri ásamt oddvita verði fulltrúar sveitarfélagsins.



Frá sundlauginni á Laugum.

Ókeypiss fyrir börn í sundlauginni á Laugum - Skipulagðar rútuferðir

Sveitarfélagið Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Fyrirkomulagið tekur gildi föstudaginn 11. janúar n.k. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlauginni á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Vetraropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 21:30
- Laugardaga - 14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

Rútuferð í sund:

Síðasta laugardag í mánuði býður Skútustaðahreppur upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur, sem hér segir:

- 26. janúar • 23. febrúar • 30. mars
- 27. apríl • 25. maí

Skylt er að skrá sig í hverja ferð fyrir sig í síðasta lagi sólarhring fyrir brottför. Nánari upplýsingar um ferðirnar og fyrirkomulag þeirra verða gefnar út fljótlega en lagt verður af stað upp úr kl. 13.15.

Athugið: Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Við þurfum á aðstoð ykkar að halda –

Könnun um líðan Mývetninga

Eitt af mikilvægustu stefnumálum sveitarstjórnar er að stuðla að vellíðan og hamingju íbúanna. Hafin er vinna með það að markmiði að efla þessa þætti. Til að gera þessa vinnu markvissari og geta séð hvort hún skili tilætluðum árangri er fyrsta skrefið að kanna hvernig staðan er í dag.

Það er hægt að mæla hamingju og meta líðan íbúa með viðurkenndum aðferðum. Sveitarfélagið hefur fengið Þekkingarnet Þingeyinga til að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga og munu þau á næstu dögum senda út upplýsingar um könnunina. Það er afar mikilvægt að fá svör frá sem flestum, en niðurstöður verða hafðar að leiðarljósi í þeirri vinnu sem farið verður í á næstu misserum.

Spurningalistinn var unninn með aðstoð frá Embætti landlæknis og með hliðsjón af rannsókn Jóhönnu Jóhannesdóttur í meistararitgerð hennar um heilsu og líðan Mývetninga. Niðurstöður eru órekjanlegar og öll svör eru trúnaðarmál.

Það er einlæg ósk okkar að Mývetningar taki þessu verkefni vel.

Þorablótið verður 26. janúar

Þorablót Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldið í Skjólbrekku laugardaginn 26. janúar. Blótið verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Álestur á hitaveitumælum

Kæru Mývetningar. Nú biðlum við til ykkar um aðstoð við álestur á hitaveitumælum í ykkar fasteign og bjóðum upp á að þið sendið inn álestur.

Svona farið þið að:

Takið mynd af hitaveitumælinum, sendið með tölvupósti á netfangið alma@skutustadahreppur.is.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja í tölvupóstinum: Heimilisfang, nafn og kennitala sendanda og hvaða dag lesið er af.

Einnig er hægt að hringja eða koma við á skrifstofunni með sömu upplýsingar ásamt álestri.

Athugið að ef fleiri en einn hitaveitumælir er í fasteigninni þarf að senda inn mynd af öllum

mælunum. Skilafrestur er til og með 15. janúar 2018. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma 464 4163 og á heimasíðu.



Norðurljósín hafa verið áberandi í Mývatnssveit að undanfögnu. Mynd: Geotravel.

HRÓS DAGSINS...

Fær Kvenfélag Mývatnssveitar fyrir að standa fyrir hinu árlega jólaballi í Skjólbrekku á milli jóla og nýárs. Að vanda var vel mætt og sveinkar úr Dimmuborgum mættu til að gleðja ungvíðið.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu, m.a. fundi með fulltrúum ríkisstofnana með aðsetur í Mývatnssveit, KPMG vegna stjórnsýsluskoðunar, forstöðumannafund, með Alta vegna endurskoðun aðalskipulags, með Eflu vegna fráveitumála, með Þekkingarnetinu vegna fjölmenningsverkefnis, með nefndum sveitarfélagsins o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri